



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

17.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 11.febrúar 2013

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson og Friðrik Jakobsson. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Auður Jónsdóttir sátu lið 2. Sigríður Sigmundsdóttir sat lið 2, 3 og 4. Þóra Ottósdóttir sat lið 3.

1. **Fundarsetning.** Formaður bauð fundarmenn velkomna bað um sjálfbóaliða sem fundarritara sem endaði á hendi formanns.
2. **Reykjahlíðarskóli**
 - a. **Skóladagatal 2013-2014.** Fundurinn fer þess á leit við sveitarstjórn að sótt verði til mennta-og menningarmálaráðuneytisins um óbreytt fyrirkomulag vegna tvöfaldrar daga á skóladagatali skólaársins 2013-2014.
 - b. **Vorferð 9.-10.bekkjara.** Farið verður að kvöldi 30.maí og komið heim 8.júní. Til þess að útskriftarnemar njóti útskriftarinnar samþykkir skólanefnd að skólaslit verði færð síðdegis 29.maí.
 - c. **Hvað er framundan.** Grænfánahátíð verður á morgun 12.febrúar og verður það í 3ja skipti sem skólinn fær fánann. Öskudagur verður með hefðbundum hætti og kötturinn sleginn úr tunninni í íþróttahúsinu á miðvikudaginn 13.febrúar. Starfsdagur kennara er föstudaginn 15.febrúar og munu kennarar sitja námskeið á Húsavík m.a. um innleiðingu nýrrar

skólanámsskrár. Skíðaferð, upplestrarkeppnin og skólahreysti eru nú á vordögum.

- d. Vegna athugasemda frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu óskar skólastjóri eftir því að sett verði inn í skólastefnu skólans að viðmót í tölvum skólans og rafrænt kennslufni verði á íslensku. Hafin er vinna við að íslenska viðmótið í tölvum skólans.

3. Leikskólinn Ylur.

- a. **Sumarið 2013.** Sumarstarf verður með þeim hætti að lokað verður tvær fyrstu vikurnar í júlí. Foreldrum var síðan gefinn kostur á að taka börnin tvær vikur á undan eða eftir. Sumarleyfi barnanna dreifðist mjög vel og gengur vel upp við sumarleyfi kennaranna.
- b. **Nemendafjöldi 2013.** 18 börn eru í leikskólanum og samsvarar þau 26 barnagildum. Tvær umsóknir eru komnar inn frá börnum sem verða árgömul á árinu. Fyrirsjáanlegt er að þrjú börn yfirgefi skólann í sumar. Leikskólinn er fullnýttur í sætum og snögum.

4. Skólastefna Skútustaðahrepps

Lögð voru fyrir fundinn drög að stefnu sem fundarmenn fara með heim og lesa yfir. Farið verður yfir athugasemdir á næstu fundi.

5. Önnur mál

Sigurður lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við undirritaðir, skólanefndarfulltrúar í skólanefnd Skútustaðahrepps, beinum þeim tilmælum til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, að hún fari sér hægt í málefnum er varða fyrirhugaða Bjarnaflagsvirkjun. Margir óvissuþættir, sem m.a. varða loftmengun frá virkjuninni, valda nefndarmönnum áhyggjum enda Reykjahlíðarskóli í fárra kílómetra fjarlægð frá umræddri virkjun. Ekki er ljóst hvort slíkt loftmengun gæti valdið skólabörnunum okkar vandkvæðum og jafnvel leitt til sjúkleika. Nauðsynlegt er að fram fari ítarlegar rannsóknir á öllum mengunarþáttum frá virkjuninni áður en til framkvæmda kemur, svo öryggi skólabarna sem og annarra íbúa í Skútustaðahreppi sé tryggt.“

Nokkrar umræður urðu um bókunina.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl.16:45